



Upplýsingar fyrir kennara

PUNKTAR FYRIR KENNARA

• FJÖLSKYLDA OG MISSIR

Pabbi Unnar og Ásrún hafa nýlega misst barn þegar sagan hefst. Pabbi Unnar hefur loks fengið hana aftur til sín eftir fimm ára dvöl í Noregi. Þessi lífsreynsla hefur augljós áhrif á viðbrögð þeirra beggja eftir sólgosið – sérstaklega á föðurinn, sem er staðráðinn í að missa ekki annað barn.

• TRAUST OG EINANGRUN

Pabbi Unnar hefur ákveðið að treysta engum. Hér er áhugavert að ræða við nemendur um hvaða kostir og gallar fylgja slíkri ákvörðun í samfélagi sem stendur frammi fyrir hættu og óvissu. Hægt er að tengja umræðuna við hugtök eins og **traust**, **samfélag**, **samstaða** og **einangrun**. Í sögunni eru dæmi um að fólk sameinist og vinni saman að betra samfélagi (t.d. kvöldvökur, samvinna við brunninn og björgun úr eldsvoða).

Hvort er líklegra til árangurs – að einangra sig eða að byggja á samstöðu?

• SAMANBURÐUR VIÐ FORTÍÐINA

Unnur ber saman núverandi líf sitt og tilveru við tíma Ingólfs og Hallveigar á landnámsöld. Kennarar geta hvatt nemendur til að bera saman aðstæður þess tíma við þær sem sögupersónurnar búa við nú:

Hvað var betra? Hvað er verra? Getur nútímafólk lært eitthvað af landnámsfólki?

Þetta býður upp á áhugaverða umræðu um **sjálfbærni**, **lífsbaráttu** og **mannlíf** í ólíkum aðstæðum.

• VINÁTTA OG TILFINNINGALEG TENGSL

Vinátta og ástarsamband Unnar og Tönju er miðpunktur sögunnar.

Tanja kemur inn í líf Unnar þegar vonleysið er að ná tökum. Hún fyllir skarð sem móðir Unnar skildi eftir sig – veitir hlýju, nánd og tilgang.

Unnur finnur sig ekki fullkomlega í fjölskyldu föður síns, en með Tönju finnur hún sinn stað og tilgang.

Hvernig breytir þetta samband lífi Unnar? Hvað gefur hún Tönju á móti?

• FRAMTÍÐARSÝN OG VAL

Einnig er áhugavert að ræða hvað gæti bedið Unnar og Tönju eftir að sögu lýkur.

Hversu langt er Unnur tilbúin að ganga til að vernda þá sem hún elskar?
Vangaveltur um **ábyrgð, fórnir og siðferðileg mörk**.

• TÁKN OG ÁRSTÍÐIR

Sagan hefst að hausti og nær yfir sjö mánuði, þar til henni lýkur að vori.

Með árstíðaskiptunum fylgjumst við með breytingum á náttúru, umhverfi og innra lífi persónanna.

Að vori eru lesendur skildir eftir með tilfinningu fyrir **von og nýrri byrjun**.

Höfundur notar lýsingar og tákni á markvissan hátt til að draga fram líðan persóna og ástand samfélagsins.

- **Myrkur og kuldi** tákna óöryggi, depurð og vonleysi.
- **Ljós og birta** tákna von, hlýju og líf.
- **Haut, vetur og vor** mynda táknrænan feril frá erfiðleikum til endurnýjunar.
- **Plönturnar** sem stelpurnar gróðursetja eru tákni um trú á framtíðina og nýtt líf eftir langan og kaldan vetur.

• HUGTÖK TIL UMRÆÐU

Kennarar geta rætt þessi hugtök með nemendum og tengt við atburði og ákvarðanir í sögunni:

- **Siðferði** – hvað er rétt og rangt þegar reglur samfélagsins hafa gilda ekki lengur?
- **Ábyrgð** – berum við aðeins ábyrgð á okkar nánustu eða á samfélaginu öllu?
- **Traust** – hvað gerist þegar traust hverfur?
- **Réttlæti / ranglæti** – hvað þýðir réttlæti í breyttum heimi? Hvað er *rétt* í þessum aðstæðum.
- **Hugrekki** – felst hugrekki í því að standa einn eða í því að velja samstöðu?

HÆFNIVIÐMIÐ:

LESTUR OG LESSKILNINGUR

Að nemandi geti:

- lesið samtímatexta við hæfi og sýnt skilning á inntaki hans,
- geti greint aðalatriði, fylgt atburðarás og þekkt helstu persónur og tengsl þeirra,
- lesið *milli línanna* og dregið ályktanir um hugsanir, tilfinningar og gjörðir persóna,
- rökstutt eigin skoðanir og túlkanir með með dæmum úr textanum.

BÓKMENNTIR OG TÚLKUN

Að nemandi geti:

- notað bókmenntahugtök á borð við *sögu svið*, *sögutíma*, *sögumann*, *sjónarhorn*, *boðskap* og *tákn*.
- túlkað og tjáð sig um boðskap textans,
- tengt efni textans við eigin reynslu, samfélagið í dag og líf fólks á fyrri tímum.

RITUN OG TJÁNING

Að nemandi geti:

- tjáð sig um innihald og þemu sögunnar á skapandi og gagnrýninn hátt,
- nýtt textann sem innblástur til eigin skrifa,
- tekið virkan þátt í umræðum um söguna og þau siðferðilegu eða samfélagslegu álitamál sem hún vekur.

MÁL OG MÁLNOTKUN

Að nemandi geti:

- skilið og notað flókin orð og orðasambönd úr textanum
- bætt orðaforða sinn og tjáningu í ræðu og riti með hliðsjón af lesefni.

LAUSNIR

ÁÐUR EN ÞÚ LEST BÓKINA

1. Hvað eru sólblettir?

b) Virk svæði á sólinni þar sem segulsvið er mjög sterkt

2. Hvað kallast það þegar orka losnar skyndilega nálægt sólblettum?

d) Sól Blossi eða sólgos

3. Hvað kallast það þegar geislun og efni frá sól Blossa berst til jarðar og veldur truflunum á segulsviði?

c) Segulstormur

4. Segulstormar geta meðal annars haft áhrif á

d) rafveitukerfi og fjarskipti

5. Hvað gerðist í Kanada, Bandaríkjunum og Svíþjóð árið 1989?

b) Segulstormur olli rafmagnsleysi

HÖFUNDAGRÚSK

Hver er höfundur bókarinnar? Arndís Þórarinsdóttir

1. Fæðingarár höfundar: 1982

2. Hvaða menntun hefur höfundur? Nefndu þrjú atriði.

BA gráða í almennri bókmenntafræði

MA gráðu í leikritun

MA gráða í ritlist

3. Lönd sem hafa gefið út bækur höfundar (nefndu þrjú): Ólík svör

4. Hvaða ár kom bókin Blokkinn á heimsenda út á Íslandi? 2020

5. Hvað eru Nærbuxnabækurnar margar? Þrjár

6. Hvaða bækur hefur þú lesið eftir þennan höfund? Ólík svör

DAGUR EITT

1. Að vera tillitssöm
2. Að vera ekki nógu gott
3. Þægilegt og vandræðalaust
4. Unnur er sögumaður sögunnar.
5. 1. Persónu
6. Sögusviðið er Reykjavík. Það er haust. Sagan hefst í október.
7. Sagan gerist í nútímanum.
8. Rafmagnið fór og netið hætti að virka.
9. Unnur er í unglingadeild, nýflutt heim til Íslands. Hún býr viku og viku hjá foreldrum sínum. Nú er pabbavika. Mamma hennar er stödd í vinnuferð í Eistlandi. Áður bjó Unnur í Noregi í fimm ár. Hún átti góða vini í Noregi, Tone og Noru og er nýbúin að kynnst Berglindi. Hún er óvön því að búa heima hjá pabba sínum og Ásrúnu. Henni finnst hún vera of gömul til að búa á tveimur stöðum. Henni finnst pabbi sinn hafa breyst frá því áður en hún flutti til Noregs.
10. Kannski er kviknað í. Unnur býst við að heyra í slökkviliðsbílum. En það er ekki hægt að hringja í slökkviliðið og óvíst hvort bílarnir fari í gang eða að vatnsdælurnar virki.
11. Honum fannst undarlegt að útvarpið skildi þagna og að bílar færu ekki í gang. Vegna þess að það á ekki að gerast þó rafmagnið fari af.
12. Geimverur, Rússar og sólgos.
13. Ólík svör
14. Ólík svör

DAGUR SEX

1. Eitthvað sem er mikils virði eða gagnlegt.
2. Stór og sterkur maður.
3. Að vera með læti eða leiðindi.
4. Ólík svör
5. Valdi býr í sama húsi og mamma Unnar. Fólk kallaði hann brjálaðan því hann hafði staðið á götuhornum og sagt að heimsendir væri að koma.
6. Pabbi Unnar bað Valda að passa upp á íbúðina hennar mömmu og gaf honum fjólubláa niðursuðudós með mandarínubátum.
7. Ólík svör. Dæmi: Matvöruverslanir, pósthjónusta, almenningssamgöngur, flug, skólar, leikskólar, götulýsing, sundlaugar, heimsendingar ...
8. Hinrik var litli bróðir Unnar. Hann var sonur pabba og Ásrúnar. Hann veiktist á meðan Unnur var í Noregi og dó.
9. Foreldrar Berglindar bregðast ólíkt við. Pabbi hennar hefur ekki miklar áhyggjur og ætlar sér að græða á aðstæðum. Mamma hennar hefur áhyggjur en treystir sér ekki til að vera í borginni. Hún vill frekar fara í sveitina til foreldra sinna og telur það öruggara og betri líkur á að fá mat. Hún tekur áhættu með því að fara í þessa ferð að hausti til, hjólandi. Pabbi Unnar og Ásrún bregðast allt öðruvísi við. Þau byrja strax að gera plön, safna vatni og huga að

vörnum fyrir fjölskylduna. Pabbi vill halda sig í borginni, sem er full af mat og nálægt læknumennuðu fólki.

10. Ólík svör

DAGUR TUTTUGU OG SJÖ

1. Það sem greitt er með í viðskiptum
2. Ótti eða hræðsla
3. Að hanga einhvers staðar og vera orðið kalt.
4. Henni fannst þær vera að sækja gagnslausa hluti sem ekkert verðmæti væri í.
5. Hún sótti matvörur á lagerinn í Bónus sem fjölskyldan gæti borðað. Hún tók líka ullarnærföt úr Hagkaup sem þau gætu notað í viðskiptum.
6. Hann vildi ekki gefa efni og vinnu fyrir ekki neitt.
7. Dæmi um svar: Gamlir bílar sem ganga fyrir bensíni virka en nýlegir rafmagnsbílar voru virka ekki. Þeir eru samsettir úr viðkvæm tölvukerfum, örflögum og rafstýringum.
8. Hún safnar vörum úr verslunum og bensíni. Hún veiðir fisk á bryggjunni og þurrkar.
9. Þessi varningur var öðruvísi en venjulega. Unni grunar pabbi hafði stolið þessum varningi frá einhverjum sem hafði safnað þessu fyrir sig. Þegar hún sá fjólubláu niðursuðudósina mundi hún eftir því að Valdi brjálaði hafði fengið svona dós hjá pabba.

DAGUR FJÖRUTÍU OG FIMM

1. Rýndu í orð
 - a. Eitthvað sem nýtist manni á einhvern hátt.
 - b. Þegar fólk segir hvert öðru hvað hefur verið að gerast í lífinu eða frá einhverju merkilegu sem maður hefur heyrt nýlega.
 - c. Að gera eitthvað sem lætur tímann líða hraðar og gerir t.d. bið eða dvöl ánægjulegri. Getur verið hvað sem er t.d. spjall, spil eða einhvers konar skemmtun.
2. Safn af einhverju sem gott er að eiga, til að nota þegar þörf er á.
3. Þeim fannst fáránlegt að krakkarnir þyrftu að koma með eitthvað matarkyns í sjód fyrir starfsfólkið./ Ólík svör
4. Hann er hræddur um að fólk reyni að ná af þeim öllum verðmætunum sem þau eru búin að safna.
5. Ólík svör. Dæmi: Tanja var í fjarnámi fyrir sólgosið. Ef til vill á hún erfiða reynslu úr skólakerfinu. Í orðum hennar felst að það sér fólkið sem fyllir stofuna sem geri aðstæður slæmar. Hún gæti hafa átt í erfiðum samskiptum í skóla eða jafnvel átt í erfiðleikum með að vera í kringum mikið af fólki.
6. Ólík svör. Kannski vegna þess að hún hafði samviskubit yfir því hvað hún og hennar fjölskylda hafði það gott og var vel birg af verðmætum þegar aðrir voru ekki jafn heppnir.
7. Valdi var skotinn með byssu í höfuðið og öllum hans birgðum var stolið. Valdi var vel birgur því hann hafði búist við heimsendi í mörg ár. Pabbi Unnar gengur um með byssu, vissi af birgðum Valda eftir að hann hitti hann í íbúð mömmu Unnar. Pabbi Unnar var nýkomin

heim með mikið magn af birgðum og vildi ekki segja hvar hann hefði fengið þær. Í þeim birgðum var fjólublá niðursuðudós með mandarínubátunum. Ef til vill sú sama og pabbi Unnar gaf Valda þegar þeir hittust fyrst.

DAGUR SJÖTÍU OG ÞRJÚ

1. Nú eru engin götuljós né ljós í húsum. Það er kominn desember, dimmasti tími ársins og myrkrið allt um lykjandi. Einmitt sá tími sem við erum vön að lýsa upp myrkrið með jólaljósum.
2. Pabbi Unnar vill ekki að fjölskyldan sér í samskiptum við aðra. Hann vill að þau haldi hópinn, bara þrjú. Hann óttast að tengsl við aðra stofni þeim í hættu, sérstaklega þar sem þau búa yfir miklum verðmætum. Einnig gæti hugsast að Unnur vilji ekki að pabbi hennar viti af Tönju af því að hún óttast um öryggi hennar. Hún veit hvað hann er fær um.
3. Í meira en einn mánuð.
4. Þau höfðu nægan mat og þetta var næstum því venjulega jólamáltíð. Möndlugrautur með súkkulaðiverðlaunum. Andalæri og meðlæti. Appelsín og rauðvín. Ís og konfekt. Þau skiptust á jólagjöfum, Unnur fékk nýja úlpu. Þau gátu haft kveikt á kertum og áttu batterí til að kveikja á jólaseríu.
 - a. Heima hjá Tönju var kalt og dimmt. Aðeins logaði á einu kerti. Mamma Tönju gladdist mikið yfir smjörklípunni og bókinni sem Unnur færði þeim.
5. Vegna þess að þá gat hún verið viss um að þau hefðu ekki stolið úlpunni frá annarri stelpu.
6. Það kviknar í blokkinni við hliðina á húsinu þeirra. Unnur vill strax fara og aðstoða fólkið með því að nota stóran stiga sem fjölskyldan á.
7. Pabbi vill ekki hjálpa til því hann þekkir fólk í húsinu og er hræddur um að það vilji fá aðstoð frá honum. Hann er ekki tilbúinn að deila því sem fjölskyldan hefur með öðrum. Hann segist gera þetta allt fyrir Unni.
8. Stóru dýnuna.

DAGUR HUNDRÆÐ

1. Að sofa létt og laust
2. Að koma óvænt
3. Nú sér fólk að hjálp er ekki að berast og lyf, matvæli og aðrar lífsnauðsynjar eru ekki í boði eða af skörnum skammti. Fólk sem brást hratt við, eins og pabbi Unnar og Ásrún eru betur sett en aðrir hvað það varðar.
4. Hún er með lungnabólgu.
5. Hann kallar til lækni sem er til í að koma. Læknirinn vill fá batterí og sýklalyf í staðinn.
6. Sýklalyf vinna á sjúkdómum sem geta dregið fólk til dauða.
7. Henni líður illa með það og hefur sektarkennd. Henni finnst ekki rétt af föður sínum að halda lyfjunum fyrir þau en gerir sér grein fyrir hversu mikilvægt það er að hún fái þessi lyf.
8. Ólík svör

DAGUR TVÖ HUNDRUÐ OG ELLEFU

1. Um sjö mánuðir. (211 dagar)
2. Óvarinn
3. Birgðir
4. Það þarf einhver að vernda matvælin, lyfin og hin verðmætin sem pabbi og Ásrún eru búin að safna.
5. Hún treystir því að fólk sé hrætt við þabba hennar og taki ekki sénsinn á að ræna fjölskylduna.
6. Mat, vítamíntöflur og annað smáræði sem hún taldi að pabbi sinn tæki ekki eftir.
7. Tanja býr ein. Móðir hennar er dáiin. Hún er líklega sorgmædd, einmana og hrædd.
8. Af hræðslu við að hitta fyrir einhverja sem geta reynst þeim hættulegir.
9. Hún hefur áhyggjur af því að Tanja glími við þunglyndi. Hún tekur eftir því hvað hún er orðin horuð og finnst vont að vita af henni einni á nóttunni. Hún hvetur hana til að fara út og hafa eitthvað fyrir stafni. Hún laumar til hennar mat og er tilbúin að ganga með byssu til að verja hana.
10. Nágrannar þeirra höfðu notað tækifærið og rænt öllu úr bílskúrnum þeirra, þar á meðal Rauðku.
11. Rauðka gaf af sér mikilvæga næringu fyrir fjölskylduna. En hún gerði fjölskyldunni líka kleift að sýna væntumþykju og umhyggju á sama tíma og þau gátu ekki leyft sér það gagnvart öðru fólki. Að dvelja hjá Rauðku í bílskúrnum við mjaltir var Unni kærkomin hvíld frá lífinu fyrir utan.
12. Unnur dregur upp byssu þegar lífi hennar er ógnað. Pabbi hennar og Ásrún koma og pabbi skýtur þá sem ógna Unni. Hann ógnaði fólkinu með byssunni uns það lét sig hverfa.

Umraedur: Er hægt að réttlæta hegðun nágrannanna? Dæmi: Nágrannarnir voru að gera alveg það sama og pabbi Unnar hafði gert. Stolið frá öðrum til að bjarga sínum.